

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 6. febrúar 1970

## um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra

(70/156/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Skylt er að vélknúin ökutæki til vöru- eða fólksflutninga standist tilteknar lögboðnar tæknilegar kröfur í hverju aðildarríki. Slíkar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars og hindra þar af leiðandi viðskipti innan Efnahagsbandalags Evrópu.

Fækka má eða jafnvel ryðja úr vegi hindrunum við stofnun og starfsemi hins sameiginlega markaðar ef öll aðildarríki taka upp sömu kröfurnar, annaðhvort sem viðbót við eða í stað gildandi lagaákvæða í hverju ríki.

Samkvæmt venju hafa aðildarríki eftirlit með því að ökutæki uppfylli gildandi tæknilegar kröfur áður en þau eru sett á markað. Eftirlitið fer fram á ökutækjagerðum.

Samhæfðar tæknilegar kröfur sem gilda um einstaka hluta eða eiginleika dráttarvéla skulu skilgreindar í sértilskipunum.

Nauðsynlegt er að setja sameiginlegar reglur um gerðarviðurkenningu fyrir allar gerðir ökutækja á vettvangi banda-

lagsins til að unnt sé að fylgjast með því að ofangreindum kröfum sé framfylgt og að öll aðildarríki geti viðurkennt eftirlit sem fram fer í öðrum aðildarríkjum.

Þessar reglur þurfa að vera með þeim hætti að sérhvert aðildarríki geti gengið úr skugga um að hver gerð ökutækis hafi verið prófuð eins og mælt er fyrir um í sértilskipunum og skráð í gerðarviðurkenningarvottorðinu. Á grundvelli þeirra eiga framleiðendur einnig að geta gefið út samræmisvottorð fyrir öll ökutæki sem samrýmast viðurkenndri gerð. Þegar vottorðið fylgir ökutæki skulu öll aðildarríkin líta svo á að ökutækið samrýmist þeirra eigin lögum. Hvert aðildarríki tilkynnir hinum aðildarríkjunum um viðurkenningu með því að senda þeim afrit af gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir hverja gerð ökutækis sem það viðurkennir.

Hægt á að vera að veita gerðarviðurkenningu til bráðabirgða samkvæmt kröfum bandalagsins eftir því sem sértilskipanir varðandi hluta og eiginleika ökutækja taka gildi, þó skulu innlendar kröfur gilda áfram um hluta og eiginleika sem heyrja enn sem komið er ekki undir slíkar tilskipanir.

Með fyrirvara um ákvæði 169. og 170. gr. sáttmálans er rétt að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna mæli sameiginlega fyrir um ákvæði er miða að því að leysa ágreining um tæknileg atriði varðandi samræmi í framleiðslu ökutækja sem hlotið hafa gerðarviðurkenningu.

Þótt ökutæki samrýmast viðurkenndri gerð geta komið í ljós vissir ókostir sem hætta gæti stafað af í akstri á vegum. Ráðlegt er af þeim sökum að finna leið til að draga úr þeirri hættu.

Tæknilegar kröfur sem skilgreindar eru í sértilskipunum þarf að laga að tækniframförum með skjótvirkum hætti. Til þess að svo megi verða ber að kveða á um hvernig

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 160, 18. 12. 1969, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 48, 16. 4. 1969, bls. 14.

koma megi á nánu samstarfi milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan nefndar sem sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir til að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. KAFLI

### SKILGREININGAR

#### 1. gr.

Í þessari tilskipun merkir „ökutæki“ vélknúð ökutæki sem er ætlað til aksturs á vegum, með eða án yfirbyggingar, á fjórum eða fleiri hjólum, og sem er hannað fyrir hámarks- hraða yfir 25 km á klst. Undanskilin eru ökutæki sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélar og vinnuvélar.

#### 2. gr.

Í þessari tilskipun:

- a) merkir „innlend gerðarviðurkenning“ opinbert eftirlit undir heitinu:
  - „agrégation par type“ og „aanneming“ í belgískum lögum;
  - „allgemeine Betriebserlaubnis“ í þýskum lögum;
  - „réception par type“ í frönskum lögum;
  - „omologazione“ eða „approvazione del tipo“ í ítölskum lögum;
  - „agrégation“ í lögum í Lúxemborg;
  - „typegoedkeuring“ í hollenskum lögum;
- b) merkir „EBE-gerðarviðurkenning“ eftirlit aðildarríkis með því að tiltekin gerð ökutækis fullnægi tæknilegum kröfum í sértilskipunum og prófunum sem skráðar eru í EBE-gerðarviðurkenningarvottorðinu, en fyrirmynd þess er sýnd í II. viðauka.

## II. KAFLI

### EBE-GERÐARVIÐURKENNING Á ÖKUTÆKJUM

#### 3. gr.

Framleiðandi eða fulltrúi hans sækir um EBE-gerðarviðurkenningu til aðildarríkis. Upplýsingaskjal skal fylgja umsókninni, en fyrirmynd þess er sýnd í I. viðauka,

og skjöl þau sem þar um getur. Óheimilt er að sækja um gerðarviðurkenningu fyrir sömu gerð ökutækis til fleiri en eins aðildarríkis.

#### 4. gr.

1. Aðildarríki viðurkennir allar gerðir ökutækja sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) að gerð ökutækis samrýmist efnisatriðum í upplýsingaskjalinu;
- b) að gerð ökutækis standist prófanir, tilgreindar í gerðarviðurkenningarvottorðinu, sem um getur í b-lið 2. gr.

2. Aðildarríki sem hefur veitt gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sannprófa, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, í samvinnu við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum ef þess gerist þörf, að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Slík sannprófun skal eingöngu felast í skyndikönnunum.

Hvert aðildarríki skal fylla út alla reiti gerðarviðurkenningarvottorðs fyrir hverja gerð ökutækis sem það viðurkennir.

#### 5. gr.

1. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu senda lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja afrit af upplýsingaskjali og gerðarviðurkenningarvottorði fyrir hverja gerð ökutækis sem þau viðurkenna eða neita að viðurkenna innan mánaðar.

2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans í landinu þar sem skráning fer fram gefur út samræmisvottorð fyrir hvert ökutæki sem framleitt er í samræmi við viðurkennda frumgerð, en fyrirmynd þess er sýnd í III. viðauka.

3. Aðildarríki geta samt sem áður, vegna sköttunar ökutækis eða frágangs skráningarskilríkja þess, farið fram á að einstök atriði sem ekki er getið um í III. viðauka komi fram í samræmisvottorði svo fremi þau séu nákvæmlega tiltekin í upplýsingaskjalinu eða hægt sé að reikna þau út frá því með einföldum hætti.

#### 6. gr.

1. Aðildarríki sem veitir EBE-gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að það fái að vita ef framleiðsla stöðvast eða breyting er gerð á atriðum

sem fram koma í upplýsingaskjalinu.

8. gr.

2. Áliti viðkomandi ríki að slík breyting kalli ekki á breytingu á gildandi gerðarviðurkenningarvottorði eða útgáfu nýs gerðarviðurkenningarvottorðs skulu lögbær yfirvöld þess ríkis tilkynna framleiðanda þar um og senda lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum með reglubundnum hætti afrit af breytingum á upplýsingaskjölum sem þegar hefur verið dreift.

3. Áliti viðkomandi ríki að breyting á upplýsingaskjali kalli á nýjar athuganir eða nýjar prófanir, og þar með sé nauðsynlegt að breyta gildandi gerðarviðurkenningarvottorði eða að gefa út nýtt, skulu lögbær yfirvöld þess ríkis tilkynna framleiðanda þar um og senda nýju skjölin til lögbærra yfirvalda í öðrum aðildarríkjum innan mánaðar frá því að þau voru fullgerð.

4. Ef gerðarviðurkenningarvottorði er breytt eða annað gefið út í stað eldra eða það fellur úr gildi vegna þess að hætt hefur verið framleiðslu gerðar þeirrar sem það gilti fyrir, skulu lögbær yfirvöld aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenninguna senda lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja, innan mánaðar, raðnúmer síðasta ökutækis sem hefur verið framleitt samkvæmt gamla vottorðinu og, ef þörf krefur, raðnúmer fyrsta ökutækis sem framleitt er í samræmi við nýja eða breytta vottorðið.

7. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt að banna sölu eða neita að skrá, taka í notkun eða nota nýtt ökutæki af ástæðum sem tengjast smíði þess eða starfsemi ef ökutækinu fylgir samræmisvottorð.

2. Vottorðið skal þó ekki koma í veg fyrir að aðildarríki grípi til slíkra aðgerða sé um að ræða ökutæki sem eru ekki í samræmi við viðurkennda frumgerð.

Ökutæki telst ekki samræmast viðurkenndri frumgerð ef frávik frá einstökum atriðum í upplýsingaskjali finnast sem hafa ekki verið heimiluð samkvæmt 2. eða 3. mgr. 6. gr. af aðildarríki sem veitti gerðarviðurkenninguna. Ekki er litið svo á að ökutæki víki frá viðurkenndri gerð ef kveðið er á um hámarksfrávik í sértilskipunum og þau takmörk eru virt.

1. Ef aðildarríki sem hefur veitt EBE-gerðarviðurkenningu kemst að raun um að einhver ökutæki með samræmisvottorð samrýmist ekki þeirri gerð sem það viðurkenndi, skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Lögbær yfirvöld þess ríkis skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem gripið hefur verið til og geta, ef nauðsyn krefur, leitt til afturköllunar á EBE-gerðarviðurkenningu.

Umrædd yfirvöld skulu grípa til sams konar ráðstafana berist þeim tilkynning frá lögbærum yfirvöldum annars aðildarríkis um slíkan skort á samræmi.

2. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu innan eins mánaðar tilkynna hvert öðru um sérhverja afturköllun á EBE-gerðarviðurkenningu og um ástæður fyrir slíkum ráðstöfunum.

3. Véfengi aðildarríki, sem hefur veitt EBE-gerðarviðurkenningu, skort á samræmi sem því hefur verið tilkynnt um skulu hlutaðeigandi aðildarríki leitast við að jafna þann ágreining.

Framkvæmdastjórninni skal látin í té vitneskja um málið og skal hún, ef þörf krefur, boða til viðeigandi samráðsfunda til að ná samkomulagi.

9. gr.

Komist aðildarríki að raun um að ökutæki af tiltekinni gerð geti ógnað öryggi á vegum þótt því fylgi rétt útgefið samræmisvottorð getur viðkomandi aðildarríki neitað að skrá ökutæki eða bannað að það verði haft til sölu, tekið í notkun eða notað á yfirráðasvæði sínu í allt að sex mánuði. Það tilkynnir hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þegar í stað þar um og gerir grein fyrir ákvörðun sinni.

III. KAFLI

### BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

10. gr.

1. Eftir gildistöku þessarar tilskipunar og þegar aðrar tilskipanir sem nauðsynlegar eru vegna veitingar EBE-gerðarviðurkenningar öðlast gildi:

— skal, að beiðni umsækjanda, veita gerðarviðurkenningu á grundvelli samræmdra tæknilegra krafna í stað samsvarandi krafna í landslögum;

- skal viðkomandi aðildarríki, að beiðni framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans, sem leggur fram upplýsingaskjalið er um getur í 3. gr., útfylla þá hluta gerðarviðurkenningarvottorðs sem um getur í b-lið 2. gr. Umsækjandi fær afrit af vottorðinu. Þar sem um er að ræða ökutæki af sömu gerð ber hinum aðildarríkjunum að viðurkenna þetta vottorð sem nægilega sönnun þess að tilskildar prófanir hafi farið fram.
2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar falla úr gildi um leið og allar kröfur sem nauðsynlegar eru vegna veitingar EBE-gerðarviðurkenningar hafa tekið gildi.

## IV. KAFLI

## ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

## 11. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga:

- I., II. og III. viðauka við þessa tilskipun og
- ákvæði í sértilskipunum sem um getur í II. viðauka og skilgreind eru í þeim tilskipunum,

að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr.

## 12. gr.

1. Sett er á stofn nefnd sem sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir til að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með vélknúin ökutæki (hér eftir nefnd „nefndin“). Nefndin er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna með fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar í forsæti.

2. Nefndin setur sér starfsreglur.

## 13. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein, ber formanni nefndarinnar að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögum fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt

með tólf atkvæða meirihluta og vega atkvæði aðildarríkjanna eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.
- c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

## 14. gr.

Allar ákvarðanir sem teknar eru um framkvæmd ákvæða tilskipunar þessarar og varða neitun gerðarviðurkenningar eða afturköllun hennar eða neitun skráningar eða bann við sölu eða notkun ökutækja skulu rökstuddar ítarlega. Ákvörðun skal tilkynnt hlutaðeigandi aðila og honum um leið kynnt þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkjunum og sá frestur sem hann hefur til þess.

## 15. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja ákvæði sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

## 16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. febrúar 1970.

Fyrir hönd ráðsins,

P. HARMEL

formaður.

## I. VIDAUKI

## FYRIRMYND AÐ UPPLÝSINGASKJALI (a)

## 0. ALMENNT

- 0.1. Tegund (nafn fyrirtækis)
- 0.2. Gerð og vöruheiti (tilgreina ber afbrigði)
- 0.3. Undirtegund
- 0.4. Flokkur ökutækja (b)
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda
- 0.6. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðanda
- 0.7. Staðsetning á lögboðnum merkiplötum og áletrunum og áfestingaraðferð:
  - 0.7.1. á undirvagni
  - 0.7.2. á yfirbyggingu
  - 0.7.3. á hreyfli
- 0.8. Raðnúmer á undirvagni af þessari gerð byrja á nr. ....

## 1. ALMENNIR EIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS

(tvær ljósmyndir sem sýna þrjá fjórðu hluta ökutækisins séð að framan og að aftan skulu fylgja)

(yfirlitstekning af ökutækinu með öllum aðalmálum skal fylgja)

- 1.1. Fjöldi ása og hjóla (fjöldi belta eða skriðbelta ef við á)
  - 1.1.1. Fjöldi tvíhjólaása (ef við á)
- 1.2. Hjól með drifi (fjöldi, staðsetning, tenging við aðra ása)
- 1.3. Undirvagn (ef við á) (yfirlitstekning)
- 1.4. Efni í hliðunum (c)
- 1.5. Staðsetning og fyrirkomulag hreyfilsins
- 1.6. Stýrishús (frambyggt, hálfframbyggt eða venjulegt)

## 2. ÞYNGD OG MÁL (d) (í mm og kg)

- 2.1. Hjólhaf (með fullfermi) (e)
  - 2.1.1. Þegar um er að ræða festivagn: lengd milli snúningsáss dráttarstóls og fremsta afturáss
- 2.2. Þegar um er að ræða dráttartæki:
  - 2.2.1. Fjarlægðin milli afturáss og dráttarstóls (hámark og lágmark) (f)
  - 2.2.2. Hámarkshæð dráttarstóls (stöðluð) (g)
  - 2.2.3. Fjarlægðin milli bakhliðar stýrishúss og afturáss: (s)
    - 2.2.3.1. Fjarlægðin milli bakhliðar stýrishúss og afturáss (-ása) (ef stýrishús er á undirvagni)
    - 2.2.3.2. Fjarlægðin milli stýrishjóls og afturáss (-ása) (ef ekki er stýrishús á undirvagninum)
- 2.3. Sporvídd einstakra ása (h)

## 2.4. Hámarksból að utanverðu (i)

	Undirvagn án yfirbyggingar	Undirvagn með yfirbyggingu	
		án innréttinga	með innréttingum
2.4.1. Lengd (j)			
2.4.2. Breidd (k)			
2.4.3. Hæð (án hleðslu)(l)			
2.4.4. Slúti að framan (m)			
2.4.5. Slúti að aftan (n)			
2.4.6. Hæð yfir akbraut (með hleðslu að tæknilega leyfilegri hámarksþyngd)(o)			
2.4.7. Fjarlægðin milli ása			

## 2.5. Þyngd undirvagns (án stýrishúss, kælivökva, olú, eldsneytis, varahjóls, verkfæra eða ökumanns)

2.5.1. Skipting þyngdar milli ása

## 2.6. Þyngd ökutækis með allri yfirbyggingu búið til aksturs eða þyngd undirvagns með stýrishúsi ef yfirbyggingin fylgir ekki með frá framleiðanda (ásamt kælivökva, olú, eldsneyti, varahjóli, verkfærum og ökumanni) (p)

2.6.1. Skipting þyngdar milli ása (skipting milli ása og snúningsáss dráttarstóls þegar um festivagn er að ræða)

## 2.7. Tæknilega leyfileg hámarksþyngd með hleðslu samkvæmt fyrirmælum framleiðanda

2.7.1. Skipting þessarar þyngdar milli ásanna (skipting milli ásanna og snúningsáss dráttarstóls þegar um festivagn er að ræða)

## 2.8. Tæknilega leyfileg hámarksþyngd með hleðslu á hvern ás samkvæmt fyrirmælum framleiðanda (skipting þyngdarinnar milli ásanna og snúningsáss dráttarstóls þegar um festivagn er að ræða)

## 2.9. Ef ökutækið er notað sem dráttartæki, tæknilega leyfileg hámarksþyngd hlaðins ökutækis og eftirvagns samanlögð samkvæmt fyrirmælum framleiðanda (og, ef við á, tæknilega leyfileg hámarksþyngd eftirvagns)

## 2.10. Lóðrétt hámarksþyngd í tengipunktinum (króktengi eða búnaður til þriggja punkta tengingar)

## 2.11. Beygjuferill

## 2.12. Hlutfall milli vélarafis og hámarksþyngdar (í hestöflum/kg) og hámarkshalli þegar tekið er af stað

## 3. HREYFILL (q)

## 3.1. Framleiðandi

## 3.2. Brunahreyfill

3.2.1. Heiti

3.2.2. Gerð (neista- eða þrýstikveikja, o.s.frv.), gengi

3.2.3. Fjöldi strokka og fyrirkomulag þeirra

3.2.4. Borvídd, slaglengd og stærð strokka

3.2.5. Hámarksafli við ... snúninga á mínútu (samkvæmt tilgreindum staðli)

3.2.6. Hámarkssnúningssvægi við ... snúninga á mínútu (samkvæmt sama staðli og í lið 3.2.5.)

3.2.7. Venjulegt eldsneyti

3.2.8. Eldsneytisgeymar (stærð og staðsetning)

3.2.9. Varaeldsneytisgeymar (stærð og staðsetning)

3.2.10. Eldsneytiskerfi (gerð)

3.2.11. Forþjappa (ef við á) (gerð, stjórn, þjöppunarþrýstingur)

3.2.12. Gangráður (ef við á) (vinnsluháttur)

3.2.13. Rafkerfi (rafspenna, jákvæð eða neikvæð jarðtenging)

3.2.14. Rafall (gerð og málsþenna)

3.2.15. Kveikja (gerð búnaðar, gerð stillinga)

3.2.16. Búnaður til að koma í veg fyrir rafsegultruflanir (lýsing)

3.2.17. Kælikerfi (loft, vatn)

3.2.18. Hljóðstig

3.2.19. Útblásturskerfi (teikning)

3.2.20. Ráðstafanir til mengunarvarna

- 3.3. Rafmagnshreyfill  
 3.3.1. Gerð (raðarhreyfill, vafhreyfill)  
 3.3.2. Hámarksafköst á klst. og rafspenna  
 3.3.3. Rafgeymir (fjöldi rafhlöðueiningar, þyngd, afköst í amperum/klst. og staðsetning)
- 3.4. Hreyflar eða vélar af annarri gerð en bruna- eða rafmagnshreyflar (upplýsingar um einstaka hluta slíkra hreyfla eða véla)
4. GÍRSKIPTING (r) (yfirlitsteikning af gírskiptingu)
- 4.1. Gerð (vélræn, vökvaskipting, rafskipting, o.fl.)
- 4.2. Tengsl (gerð)  
 4.2.1. Þyngd tengslanna
- 4.3. Gírkassi (gerð, beinskiptur, stjórnunaraðferð)  
 4.3.1. Þyngd gírkassa
- 4.4. Yfirfærsla frá hreyfli til gírkassa, afturáss (-ása), millikassi, ef hann er notaður
- 4.5. Gírhlutfall, með eða án millikassa

Gír	Innra gírhlutfall	Endanlegt drifhlutfall	Gírhlutfall samtals
1			
2			
3			
...			
Afturábak			

- 4.6. Hraði ökutækis við snúningshraðann 1000 snúninga á mínútu með venjulegum hjólbörðum (6.1.) (ummál hjólbarða fullhlaðins ökutækis er ..... metrar) (s)

Gír	Hraði (km/klst)
1	
2	
3	
...	
Afturábak	

- 4.7. Hámarkshraði ökutækis í hæsta gír (km/klst) (s)
- 4.8. Dráttarstyrkur (og yfirfærsla hemlakrafta)
- 4.9. Hraðamælir
- 4.10. Hraðaskráning (ef hún er notuð) (framleiðandi og gerð)
- 4.11. Lás á mismunadrifi (ef hann er notaður)
5. ÁSAR
- (Teikning með málum af hverjum ási skal fylgja, ásamt upplýsingum um þau efni sem notuð eru og (valfrjálst) tegund og gerð)

6. FJÖDRUN (yfirlitsteikningar af fjaðrabúnaði)
  - 6.1. Venjulegir hjólbarðar (stærð og eiginleikar)
  - 6.2. Gerð og hönnun fjaðrabúnaðar fyrir hvern ás eða hvert hjól
  - 6.3. Eiginleikar fjaðrandi hluta búnaðarins (hönnun, eiginleikar efnanna og mál)
  - 6.4. Jafnvægisbúnaður (t)
  - 6.5. Höggdeyfar (t)
7. STÝRISBÚNAÐUR (yfirlitsteikning)
  - 7.1. Gerð búnaðarins og tenging við hjólin, hjálparafl ef við á, (vinnsluháttur og uppdráttur, tegund og gerð, ef við á) stýrikraftur stýrishjóls
  - 7.2. Hámarksbeygjuhorn hjólanna:
    - 7.2.1. til hægri ..... (gráður): fjöldi snúninga stýrishjóls .....
    - 7.2.2. til vinstri ..... (gráður): fjöldi snúninga stýrishjóls .....
  - 7.3. Minnsti beygjuhringur (u) :
    - 7.3.1. til hægri
    - 7.3.2. til vinstri
8. HEMLAR (yfirlitsteikning og uppdráttur af vinnsluferlinu) (v)
  - 8.1. Aksturshemill
  - 8.2. Aukahemill
  - 8.3. Stöðuhemill
  - 8.4. Viðbótarhemill, ef hann er notaður (þar með talinn neyðarhemill)
  - 8.5. Sjálfvirkur neyðarhemill sem verður virkur ef eftirvagninn losnar frá dráttartækinu í akstri (fyrir eftir- eða festivagna)
  - 8.6. Útreikningur á getu hemlakerfisins: ákvörðun hlutfalls milli samanlagðra hemlunarkrafta á ytra ummál hjólanna og krafts sem þarf til að stjórna hemlun
  - 8.7. Hjálparafl, ef við á (eiginleikar, rúmmál orkugeyma, hámarks- og lágmarksþrýstingur, þrýstímælir og gaumljós á mælaborðinu sem sýnir ef of mikil lækun verður á þrýstingi, soggeymar og -lokar, þrýstidælur; hvort farið er að ákvæðum um þrýstibúnað)
  - 8.8. Dráttartæki
    - 8.8.1. Hemlakerfi fyrir eftirvagn
    - 8.8.2. Tengibúnaður, tengingar, öryggisbúnaður
9. YFIRBYGGING (yfirlitsteikning af yfirbyggingu með innri og ytri málum)
  - 9.1. Gerð yfirbyggingar
  - 9.2. Efni og smíðaaðferðir
  - 9.3. Dyr (fjöldi, stærð, opnast inn eða út, læsingar og lamir)
  - 9.4. Sjónsvið
  - 9.5. Framrúða og aðrar rúður (fjöldi og staðsetning, efni sem notuð eru)
    - 9.5.1. Halli framrúðu
  - 9.6. Framrúðupurrkur
  - 9.7. Framrúðusprautur
  - 9.8. Blástur til að fjarlægja móðu og hrím af framrúðu
  - 9.9. Baksýnispeglar
  - 9.10. Innri útbúnaður:
    - 9.10.1. Öryggisbúnaður fyrir ökumann og farþega
    - 9.10.2. Fyrirkomulag og merking stjórnubúnaðar
    - 9.10.3. Sæti (fjöldi, staðsetning, eiginleikar)

- 9.11. Ytri útbúnaður:
- 9.12. Öryggisbelti og annar festibúnaður (fjöldi og staðsetning)
- 9.13. Festingar öryggisbelta (fjöldi og staðsetning)
- 9.14. Flötur fyrir skráningarkerki
- 9.15. Öryggisbúnaður að aftan

## 10. LJÓS OG LJÓSMERKJABÚNAÐUR

(teikningar af ökutækinu að utan sem sýna mál og staðsetningu ljósflata alls búnaðar; litir ljósa)

- 10.1. Lögboðinn ljósabúnaður:
  - 10.1.1. Lág ljós
  - 10.1.2. Há ljós
  - 10.1.3. Aukaljós að framan
  - 10.1.4. Stefnuljós
  - 10.1.5. Afturljós
  - 10.1.6. Hemlaljós
  - 10.1.7. Númersljós við skráningarkerki að aftan
  - 10.1.8. Rauð glitaugu að aftan
  - 10.1.9. Glitaugu á eftirvögnum að framan
- 10.2. Valfrjáls ljósabúnaður:
  - 10.2.1. Þokuljós
  - 10.2.2. Stöðuljós
  - 10.2.3. Bakkljós
  - 10.2.4. Aukaljós á eftirvögnum að framan
  - 10.2.5. Gul glitaugu á hliðum
- 10.3. Annar ljósbúnaður fyrir sérstök ökutæki

## 11. TENGIBÚNAÐUR MILLI DRÁTTARTÆKJA OG EFTIR- EÐA FESTIVAGNA

### 12. ANNAR BÚNAÐUR

- 12.1. Hjóðmerkjabúnaður:
  - 12.1.1. Almennur
  - 12.1.2. Sérstakur
- 12.2. Sérstök ákvæði um almenningsökutæki
- 12.3. Sérstök ákvæði um leigubifreiðir
- 12.4. Sérstök ákvæði um vöruflutningabifreiðir
- 12.5. Búnaður til að koma í veg fyrir notkun ökutækisins í óleyfi
- 12.6. Dráttarkrökur
- 12.7. Stoðfótur fyrir eftirvagn
- 12.8. Viðvörunarbúnaður

### ATHUGASEMDIR

Þar sem beðið er um teikningar eða ljósmyndir skal taka fram númerið á fylgiskjölnum.

- a) Hafi hluti ökutækis fengið gerðarviðurkenningu er engin þörf á að lýsa honum nánar og nægir að vísa í gerðarviðurkenninguna. Jafnframt er óþarft að lýsa hluta ef smíði hans sést greinilega í meðfylgjandi uppdráttum eða teikningum.
- b) Flokkun samkvæmt eftirfarandi alþjóðakerfum:
  - 1. *M-flokkur*: Vélknúin ökutæki, ætluð til fólksflutninga, á fjórum hjólum eða fleiri eða ökutæki á þremur hjólum með hámarksþyngd yfir 1 t.

- *M<sub>1</sub>-flokkur*: Ökutæki, ætluð til fólksflutninga, sem hafa ekki fleiri en átta sæti fyrir farþega auk ökumannssætis.
  - *M<sub>2</sub>-flokkur*: Ökutæki, ætluð til fólksflutninga, sem hafa fleiri en átta sæti fyrir farþega auk ökumannssætis og með hámarksþyngd 5 t eða minna.
  - *M<sub>3</sub>-flokkur*: Ökutæki, ætluð til fólksflutninga, sem hafa fleiri en átta sæti fyrir farþega auk ökumannssætis og með hámarksþyngd yfir 5 t.
2. *N-flokkur*: Vélknúin ökutæki, ætluð til vöruflutninga, á fjórum hjólum eða fleiri, eða á þremur hjólum ef hámarksþyngd er yfir 1 t.
- *N<sub>1</sub>-flokkur*: Ökutæki ætluð til vöruflutninga með 3,5 t hámarksþyngd eða minna.
  - *N<sub>2</sub>-flokkur*: Ökutæki ætluð til vöruflutninga með meira en 3,5 t hámarksþyngd en ekki yfir en 12 t.
  - *N<sub>3</sub>-flokkur*: Ökutæki ætluð til vöruflutninga með hámarksþyngd yfir 12 t.
3. *O-flokkur*: Eftirvagnar (þar með taldir festivagnar).
- *O<sub>1</sub>-flokkur*: Eftirvagnar með 0,75 t hámarksþyngd eða minna.
  - *O<sub>2</sub>-flokkur*: Eftirvagnar með hámarksþyngd yfir 0,75 t en ekki meira en 3,5 t.
  - *O<sub>3</sub>-flokkur*: Eftirvagnar með yfir 3,5 t hámarksþyngd en ekki meira en 10 t.
  - *O<sub>4</sub>-flokkur*: Eftirvagnar með yfir 10 t hámarksþyngd.
- c) Nafn samkvæmt evrópskum staðli (*Euronorm*), ef unnt er. Þar sem við á ber að gefa:
- lýsingu á efninu,
  - flotmörk,
  - hámarkstogspenna,
  - teygjanleiki (í hundraðshlutum),
  - Brinell-harka.
- d) Ef stýrishús eru ýmist venjuleg eða með svefnrými ber að gefa upp mál og þyngd fyrir hvort tveggja.
- e) Frumvarp að ISO-staðli 586<sup>(1)</sup>, íðorð nr. 2.
- f) Frumvarp að ISO-staðli 586, íðorð nr. 33.
- g) Frumvarp að ISO-staðli 586, íðorð nr. 35.
- h) Frumvarp að ISO-staðli 586, íðorð nr. 1.
- i) Ef engin yfirbygging er á ökutækinu sem sent er til gerðarviðurkenningar ber að skrá hámarks- og lágmarksmál sem framleiðandi gefur upp í annan dálkinn og ekkert í þriðja dálkinn.
- j) Frumvarp að ISO-staðli 586, íðorð nr. 9.
- k) Frumvarp að ISO-staðli 586, íðorð nr. 12.
- l) Frumvarp að ISO-staðli 586, íðorð nr. 13.
- m) Frumvarp að ISO-staðli 586, íðorð nr. 18.
- n) Frumvarp að ISO-staðli 586, íðorð nr. 19.
- o) Frumvarp að ISO-staðli 586, íðorð nr. 7.
- p) Gert er ráð fyrir að ökumaður vegi 75 kg.
- q) Sé um annað en stimpilhreyfil að ræða skal gefa almenna lýsingu á hreyflinum.
- r) Veita ber nauðsynlegar upplýsingar um öll afbrigði.
- s) 5% frávik er leyfilegt.
- t) Einungis skal tilgreina það sem er fyrir hendi.
- u) Frumvarp að ISO-staðli 586, íðorð nr. 27.

<sup>(1)</sup> Skjal ISO/TC 22 (Stjórnarskrifstofa 133) 328 — janúar 1963.

- v) Veita ber eftirfarandi upplýsingar um hvert hemlakerfi:
- gerð og eiginleikar hemla (teikning með málum) (kefli eða diskar, hemlahjól, tenging við hemlahjólín, núningsfletir, einkenni þeirra og yfirborð, radíus kefla, skóa eða diska, þyngd kefla, stillibúnaður).
  - yfirfærsla og stjórn (teikning) (smíði, stilling, yfirfærsluhlutfall kraftsins, aðgangur að stjórnbúnaði og staðsetning hans, stjórnbúnaður ef um er að ræða vélræna yfirfærslu, eiginleikar aðalhluta í yfirfærslurás, hólkar og stjórnstimplar, hemlahólkar).

## II. VIÐAUKI

### EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

#### A. ALMENNT

Gerðarviðurkenningarvottorð sem gefin eru út samkvæmt reglum um EBE-gerðarviðurkenningu skulu útfyllt sem hér segir:

1. Fylla skal út viðeigandi reiti í gerðarviðurkenningarvottorðinu, en fyrirmynd þess er sýnd í B-lið í þessum viðauka, á grundvelli upplýsinga sem fram koma í upplýsingaskjalinu eftir að þessar upplýsingar hafa verið sannprófaðar.
2. Merkja skal við hvert atriði í fyrirmynd að gerðarviðurkenningarvottorðinu með viðeigandi skammstöfunum sem skráðar eru hér á eftir þegar tilskildar prófanir og eftirlit hefur farið fram:
  - „CONF“ prófun til að staðfesta að viðkomandi hluti eða eiginleiki sé í samræmi við upplýsingar í upplýsingaskjalinu;
  - „SD“ prófun til að staðfesta að viðkomandi hluti eða eiginleiki sé í samræmi við samhæfðar tæknilegar kröfur sem samþykktar voru vegna framkvæmdar sértilskipana;
  - „R“ samning prófunarskýrslunnar sem á að fylgja vottorðinu;
  - „S“ staðfesting á að teikning og/eða skýringarmynd fylgi.

#### B. FYRIRMYND AÐ GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐI ÖKUTÆKIS

##### 0. ALMENNT

- 0.1. Tegund (nafn fyrirtækis)
- 0.2. Gerð og vöruheiti (tilgreina ber afbrigði)
- 0.3. Undirtegund
- 0.4. Flokkur ökutækja
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda
- 0.6. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðanda (ef einhver er)
- 0.7. Staðsetning á lögboðnum merkiplötum og áletrunum og áfestingaraðferð: SD
  - 0.7.1. á undirvagni
  - 0.7.2. á yfirbyggingu
  - 0.7.3. á hreyfli
- 0.8. Raðnúmer undirvagna af þessari gerð byrja á nr. ....

##### 1. ALMENNIR EIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS

- 1.1. Undirvagn (ef við á) CONF

## 2. ÞYNGD OG MÁL (í mm og kg)

- 2.1. Þegar um er að ræða festivagn  
2.1.1. Fjarlægðin milli dráttarstóls og afturáss (hámark og lágmark) CONF

## 2.2. Hámarksál að utanverðu

	Undirvagn án yfirbyggingar	Undirvagn með yfirbyggingu		
		án innréttinga	með innréttingum	
2.2.1. Lengd				SD
2.2.2. Breidd				SD
2.2.3. Hæð (óhlaðið)				SD
2.2.4. Slúti að framan				SD
2.2.5. Slúti að aftan				SD
2.2.6. Hæð yfir akbraut (með hleðslu að tæknilega leyfilegri hámarksþyngd)				SD
2.2.7. Lengd milli ása				SD

- 2.3. Tæknilega leyfileg hámarksþyngd ökutækis með hleðslu CONF

- 2.3.1. Skipting þessarar þyngdar milli ása (skipting milli ása og snúningsáss  
dráttarstóls þegar um festivagn er að ræða) CONF

- 2.4. Leyfileg hámarksþyngd með hleðslu SD

- 2.4.1. Skipting þessarar þyngdar milli ása (skipting milli ása og snúningsáss  
dráttarstóls þegar um festivagn er að ræða) SD

- 2.5. Tæknilega leyfileg hámarksþyngd á hvern ás (skipting  
þyngdarinnar milli ása og snúningsáss dráttarstóls þegar um festivagn er að ræða) CONF

- 2.6. Leyfileg hámarksþyngd á hvern ás (og á snúningsáss dráttarstóls  
þegar um festivagn er að ræða) SD

- 2.7. Ef ökutækið er notað sem dráttartæki, tæknilega leyfileg hámarksþyngd ökutækisins og  
eftirvagns samanlögð (og, ef við á,  
tæknilega leyfileg hámarksþyngd eftirvagnsins) CONF

- 2.8. Ef ökutækið er notað sem dráttartæki, leyfileg hámarksþyngd ökutækis og  
eftirvagns (og, ef við á, leyfileg hámarksþyngd eftirvagnsins) SD

- 2.9. Beygjuferill SD

- 2.10. Hlutfall milli vélarafls og hámarksþyngdar (í hestöflum/kg) og hámarkshalli  
þegar tekið er af stað SD

## 3. HREYFILL

## 3.1. Framleiðandi

## 3.2. Brunahreyfill:

- 3.2.1. Hámarksafli við ..... snúninga á mínútu (samkvæmt tilgreindum staðli) CONF
- 3.2.2. Eldsneytisgeymar SD
- 3.2.3. Varaeldsneytisgeymar SD
- 3.2.4. Rafkerfi CONF
- 3.2.5. Búnaður til að koma í veg fyrir raftruflanir SD R
- 3.2.6. Hljóðstig SD R
- 3.2.7. Hljóðdeyfar SDR D
- 3.2.8. Loftmengun:
- 3.2.8.1. Ökutæki með bensinhreyfla SD R
- 3.2.8.2. Ökutæki með dísilhreyfla SD R

4. GÍRSKIPTING	
4.1. Hámarkshraði ökutækis í hæsta gír (km/klst)	CONF
4.2. Hraðamælir	SD
4.3. Bakkgír	SD
5. ÁSAR	CONF
6. FJÖÐRUN	
6.1. Venjulegir hjólbarðar	SD
6.2. Eiginleikar fjaðrandi hluta búnaðarins	SD
7. STÝRISBÚNAÐUR	
7.1. Gerð búnaðarins og tenging við hjólin	SD
7.2. Hjálparafl, stýrikraftur stýrishjóls	SD
7.3. Minnsti beygjuhringur	CONF
7.3.1. til hægri	
7.3.2. til vinstri	
8. HEMLAR	
8.1. Aksturshemill	SD
8.2. Aukahemill	SD
8.3. Stöðuhemill	SD
8.4. Viðbótarhemill, ef við á (þar með talinn neyðarhemill)	SD
8.5. Sjálfvirkur neyðarhemill sem verður virkur ef eftirvagninn losnar frá dráttartækinu í akstri (fyrir tengi- eða festivagna)	SD
8.6. Fyrir ökutæki sem hönnuð eru til þess að draga eftirvagn:	
8.6.1. hemlakerfi fyrir eftirvagna	SD
8.7. Hjálparafl, ef við á	SD
8.8. Aðstæður við prófun	R
8.9. Niðurstöður úr prófun	R
9. YFIRBYGGING	
9.1. Dyr (fjöldi, stærð, opnast inn eða út, læsingar og lamir)	SD
9.2. Sjónsvið	SD
9.3. Framrúða og aðrar rúður	
9.3.1. Halli framrúðu	SD
9.4. Framrúðupurrkur	SD
9.5. Framrúðusprautur	SD
9.6. Blástur til að fjarlægja móðu og hrím af framrúðu	SD
9.7. Baksýnispeglar	SD
9.8. Innri útbúnaður	SD
9.8.1. Öryggisbúnaður fyrir ökumann og farþega	
9.8.2. Fyrirkomulag og merking stjórnbúnaðar	
9.8.3. Sæti (fjöldi, staðsetning, eiginleikar)	
9.9. Ytri útbúnaður	SD
9.10. Öryggisbelti og annar festibúnaður	SD

- |  |    |
|--|----|
| 9.11. Festingar öryggisbelta   | SD |
| 9.12. Flötur fyrir skráningarmerki                                     | SD |
| 9.13. Öryggisbúnaður að aftan  | SD |
| <b>10. LJÓS OG LJÓSMERKJABÚNAÐUR</b>                                   |    |
| 10.1. Lögboðinn ljósabúnaður:  |    |
| 10.1.1. Lág ljós   | SD |
| 10.1.2. Há ljós  | SD |
| 10.1.3. Aukaljós að framan   | SD |
| 10.1.4. Stefnuljós   | SD |
| 10.1.5. Afturljós  | SD |
| 10.1.6. Hemlaljós  | SD |
| 10.1.7. Númersljós fyrir aftara skráningarmerki                        | SD |
| 10.1.8. Rauð glitaugu að aftan   | SD |
| 10.1.9. Glitaugu á eftirvögnum að framan                               | SD |
| 10.2. Valfrjáls ljósabúnaður:  |    |
| 10.2.1. Þokuljós   | SD |
| 10.2.2. Stöðuljós að framan  | SD |
| 10.2.3. Bakkljós   | SD |
| 10.2.4. Aukaljós á eftirvögnum að framan                               | SD |
| 10.2.5. Gul glitaugu á hliðum  | SD |
| <b>11. TENGIBÚNAÐUR MILLI DRÁTTARTÆKJA OG EFTIR- EÐA FESTIVAGNA</b>    | SD |
| <b>12. ANNAR BÚNAÐUR</b>   |    |
| 12.1. Hljóðmerkjabúnaður   | SD |
| 12.2. Sérstök ákvæði um almenningsökutæki                              | SD |
| 12.3. Sérstök ákvæði um leigubifreiðir                                 | SD |
| 12.4. Sérstök ákvæði um vöruflutningabifreiðir                         | SD |
| 12.5. Innréttingar til að koma í veg fyrir notkun ökutækisins í óleyfi | SD |
| 12.6. Dráttarkrókur  | SD |
| 12.7. Stoðfótur fyrir eftirvagn  | SD |
| 12.8. Viðvörunarbúnaður  | SD |
| 12.9. Hraðaskráning (ef við á)   | SD |

Undirritaður staðfestir hér með að lýsingin sem framleiðandi hefur gefið í upplýsingaskjalinu nr. .... um ökutækið með undirvagn nr. .... og hreyfil nr.<sup>(1)</sup> .... og framleiðandi hefur afhent sem frumgerð af árgerð ..... sé rétt.

Prófanir sem gerðar hafa verið að beiðni framleiðandans, ..... hafa sýnt að ofangreint ökutæki, sem framleiðandi hefur afhent sem frumgerð í raðframleiðslu, uppfyllir öll skilyrði sem fram koma á þessu vottorði.

.....  
(Staður) (Dagsetning)

.....  
(Undirskrift)

<sup>(1)</sup> Ef þessar upplýsingar liggja ekki fyrir skal tilgreina önnur auðkenni.

## III. VIÐAUKI

## FYRIRMYND

## SAMRÆMISVOTTORÐ

Undirritaður .....  
(eftirnafn og eiginnöfn)

staðfestir hér með að ökutækið:

1. Undirtegund .....
2. Tegund .....
3. Gerð .....
4. Raðnúmer gerðarinnar .....  
samræmist að öllu leyti þeirri gerð sem viðurkennd var .....  
í ..... þann .....  
af .....  
og lýst er í gerðarviðurkenningarvottorði nr. ....  
og í upplýsingaskjali nr. ....

.....  
(Staður)

.....  
(Dagsetning)

.....  
(Undirskrift)

.....  
(Staða)

\_\_\_\_\_